

Vinnudeilusjóður

Samþykktir fyrir vinnudeilusjóð SSF

1. gr.

Sjóðurinn heitir Vinnudeilusjóður SSF og er eign þess. Heimili hans og varnarþing eru í Reykjavík.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er:

- a) að styrkja félagsmenn SSF ef til vinnudeilna kemur sem boðaðar hafa verið skv.36. gr. samþykktá SSF.
- b) að styrkja norræna bankamenn í vinnudeilu samkvæmt samningi SSF við norrænsystursamtök þar um.
- c) að styðja önnur íslensk stéttarfélög í vinnudeilu.

3. gr.

Stjórn SSF er jafnframt stjórn sjóðsins og ber ábyrgð á úthlutunum og öðrum fjárreiðum sjóðsins. Stjórn SSF er heimilt að fela þremur stjórnarmönnum að fara með framkvæmdastjórn og eftirlit með afgreiðslu sjóðsins. Framkvæmdastjórn kys sér formann. Ekki er greidd sérstök þóknun fyrir stjórnarsetu í sjóðnum. Stjórn SSF getur ákveðið að sjóðurinn greiði kostnað sem af rekstri hans leiðir.

4. gr.

Reikningsskil skulu gerð árlega. Ársreikningur sjóðsins skal endurskoðaður af löggiltum endurskoðanda og skal hann lagður fram samhliða reikningum SSF.

5. gr.

Stofnfé sjóðsins eru núverandi eigur Kjaradeilusjóðs SSF. Stjórn sjóðsins skal kappkosta að varðveita raungildi sjóðsins. Fé sjóðsins skal ávaxtað á þann hátt að a.m.k. 2/3 hlutar fjárisins séu ávallt lausir til ráðstöfunar, svo sem

í banka eðasparisjóði, í skuldabréfum með ábyrgð þessara aðila, í skuldabréfum ríkissjóðs og bankabréfum sem skráð eru á Verðbréfaþingi Íslands.

Stjórn sjóðsins hefur heimild til að ávaxta féð á innistæðu-reikningum í bönkum og sparisjóðum sem og í skuldabréfum með ábyrgð ríkisins.

Stjórn sjóðsins setur nánari reglur um ávöxtun sjóðsins og skulu þær skráðar í fundargerðarbók. Sambandsþing ákveður fastar tekjur sjóðsins hverju sinni.

Tekjur sjóðsins miðist við hlutfall af þeim félagsgjöldum er innheimtast til SSF.

6. gr.

Rétt til úthlutunar eiga þeir aðilar sem taldir eru upp í 2. gr. samþykktanna. Ákvörðun um úthlutun verði lögð fyrir stjórn SSF og formenn aðildarféлага SSF ef til vinnudeilna kemur. Úthlutun hverju sinn taki mið af stöðu sjóðsins.

7. gr.

Verði vinnudeilusjóður SSF lagður niður ráðstafar þing SSF eignum hans.

8. gr.

Samþykktum þessum má aðeins breyta á þingi SSF. Um breytingar á þeim gilda sömureglur og um breytingar á samþykktum SSF.

Samþykkt á 36. þingi SÍB 1989.

Endurskoðað á 43. þingi SÍB í apríl 2007,
á 44. þingi SSF 19 mars 2010,
á 47. þingi SSF 22. mars 2019.